

**Fundargerð 6. fundar
Framkvæmda- og skipulagsráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
18. desember 2018 , kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Reynir Þór Ragnarsson, Kristinn Halldórsson, Laufey Erlendsdóttir, Pálmi Steinar Guðmundsson, Jónas Eydal Ármannsson, Jón Ben Einarsson og Einar Friðrik Brynjarsson.

Fundargerð ritaði: Jón Ben Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.
Davíð Ásgeirsson og Jón Sigurðsson boðuðu forföll og sátu varamenn þeirra fundinn, Pálmi Steinar Guðmundsson og Jónas Eydal Ármannsson.

1. Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun - 1807035

Tillaga að nálgunun við gerð nýs aðalskipulaga fyrir sameinað sveitarfélag lögð fram til umfjöllunar.

Ráðið leggur til við bæjarstjórn að samþykkja áætlun um ferli á endurskoðun aðalskipulags sem lögð er fram samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

2. Land undir jarðgerð - 1811038

Íslenska gámafélagið óskar eftir afnot af landi undir jarðgerð. Áður tekið fyrir á 5. fundi ráðsins, mál nr. 2.

Umhverfissfulltrúi leggur fram frekari gögn vegna málsins.

Samþykkt að heimila landnotkun undir jarðgerð skv. fyrirhuguðum hugmyndum til reynslu í 3 ár. Umhverfissfulltrúa falið að útfæra frekari skilmála um notkun svæðisins gagnvart umsækjanda.

3. Vörðubraut 4 - umsókn um lóð - 1811066

Sigurður Helgi Magnússon sækir um lóðina Vörðubraut 4 undir byggingu einbýlishúss.

Samþykkt

4. Sjónarhól 1 - umsókn um lóð - 1811067

Gunnlaugur Hilmarsson sækir um lóðina Sjónarhóll 1 undir byggingu einbýlishúss.

Samþykkt

5. Þinghóll 5 - umsókn um lóð - 1812068

Sara Ósk Halldórsdóttir sækir um lóðina Þinghól 5 undir byggingu einbýlishúss.

Samþykkt

6. Vallargata 4 - breyting á skráningu og skipulagi bílskúrs og húss - 1812047

Eigandi Vallargötu 4 óskar eftir að fá að skrá efri hæð hússins sem sér íbúð og innrétta bílgeymslu íbúðar neðri hæðar sem íbúðarherbergi skv. meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi.

7. Nátthagi 8 - lögheimilisskráning - 1810073

Eigendur Nátthaga 8 óska eftir lögheimilisskráningu skv. meðfylgjandi erindi. Erindi vísað til umfjöllunar í Framkvæmda- og skipulagsráði frá bæjarráði.

Svæðið við Nátthaga er skipulögð frístundabyggð. Samkvæmt gildandi lögheimilislögum er óheimilt að skrá lögheimili í skipulagðri frístundabyggð sbr. breytingarlög nr. 149/2006. Eina færa leiðin til að Þjóðskrá heimili lögheimilisskráningu í Nátthaga er að sveitarfélagið breyti skipulagi byggðarinnar úr frístundabyggð í íbúðarhúsabyggð. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um að gera slíkar aðalskipulagsbreytinar.

8. Skipulag og þróun verndarsvæða í byggð: Umsókn um styrk - 1812063

Kynning á styrkveitingu Minjastofnunnar og verkefninu vernarsvæði í byggð vegna Útgarðs.

Lagt fram til kynningar

9. Sandgerðisskóli - flokkunarmál - 1812067

Hugmyndir Sandgerðisskóla á flokkun sorps kynntar.

Ráðið fagnar því að hafist verði handa við aukna flokkun í skólum sveitarfélagsins og vill jafnframt hvetja fleiri fyrirtæki og stofnanir innan sveitarfélagsins til góðra verka á þessum vettvangi. Umhverfisfulltrúa falið að leggja mat á hugmyndir skólustjórnenda og leggja til samráð fyrir stofnanir sveitarfélagsins í sorpflokkunarmálum.

Fundi slitið kl. 18:40.

Einar Jón Pálsson

Reynir Þór Ragnarsson

Kristinn Halldórsson

Laufey Erlendsdóttir

Pálmi Steinar Guðmundsson

Jónas Eydal Ármannsson
